

Sjúkragæsla í Þórsmörk

Texti: Sölvi Sveinsson / **Myndir:** Sölvi Sveinsson og Hulda Gísladóttir

Laugavegshlaupið var haldið þann 17. júlí í sumar en hlaupið er um 55 kílómetrar þar sem þátttakendur hlaupa úr Landmannalaugum í Þórsmörk. Leiðin er krefjandi, hlaupið er í snjó, yfir ár, í gegnum hraun og sanda með tilheyrandi brekkum. Í ár var bæði mótvindur, sól og talsverður hiti sem gerði mörgum hlaupurum erfiðara fyrir. Fjórir hjúkrunarfræðingar og einn læknir sinntu sjúkragæslu í Þórsmörk og einn hjúkrunarfræðingur var við Emstrur en alls kláruðu um 450 hlauparar hlaupið í ár. Við endamarkið í Þórsmörk var reist sjúkratjald sem allir hlauparar fóru í gegnum. Tjaldið var tvískipt þar sem frískir hlauparar sátu í stólum en fyrir þá sem þurftu meiri aðhlyningu voru legubekkir. Helstu verkefni í sjúkratjaldinu fólust í því að sjá til þess að hlaupararnir fengju næringu og drykki en einnig þurfti að búa um sár og hrufl. Nokkrir þátttakendur þurftu að fá æðalegg og vökva í æð og vöðvakrampar og verkir hér og þar hrjáðu nokkuð marga hlaupara eftir þessa hrjóstrugu og löngu leið.



Skemmtileg áskorun að vinna í sjúkratjaldi fjarri mannabyggðum

Það var áberandi hversu miklar tilfinningar hlaupararnir upplifðu þegar þeir komu í mark, bæði gleði og sorg. Líkt og gengur og gerist náðu sumir markmiði sínu en aðrir ekki. Í sjúkratjaldinu skapaðist skemmtileg stemning þar sem hlauparar deildu upplifun sinni af hlaupinu hver með öðrum. Að fá að taka þátt í sjúkragæslu fjarri mannabyggðum var áhugavert og hollt fyrir mig sem hjúkrunarfræðing. Að stíga fyrir utan hið hefðbundna sjúkrahusumhverfi og þurfa að bjarga sér var áskorun því starfsaðstæðurnar voru svo gjörólíkar því sem ég þekki úr mínu starfi á Landspítala. Dagurinn var annasamur og langur en að sama skapi skemmtilegt ævintýri. Ég gæti vel hugsað mér að sinna fleiri svona verkefnum í framtíðinni og læt nokkrar svipmyndir úr sjúkragæslunni í Þórsmörk í sumar fylgja með svo lesendur fái betri innsýn í stemninguna og aðstæður á staðnum.





Dagmar Hlín Valgeirsdóttir, Brynja Böðvarsdóttir, Sölvi Sveinsson, Birna Björnsdóttir (öll hjúkrunarfræðingar) og Fjóla Dögg Sigurðardóttir læknir (hópmyndina tók Brynja Böðvarsdóttir)

